

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 13. október 2016 kl. 10-11.30 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Benedikt Hjartarson (B&L), Rannveig Sverrisdóttir (MVS), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ) og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Sigríður Þorgeirsdóttir (HEIM), Auður Hauksdóttir (SVF) og Valur Ingimundarson (EDDA) boðuðu forföll. Fulltrúi doktorsnema mætti ekki.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð frá 30. maí var samþykkt.

2. *Styrkir 2015 og áætlun um mótframlög*: ESS kynnti yfirlit yfir styrki til Hugvísindasviðs árið 2015 og fyrstu drög að áætlun um mótframlög árið 2017 (miðað við óbreytt framlag sviðs til rannsóknastofnana). Umtalsverð hækkun er á rannsóknastyrkjum milli ára. Nánari umfjöllun þarf að bíða ákvörðunar um framlag sviðs til stofnana.

3. *Ráðstefnugjaldastyrkir fyrir doktorsnema*: ESS kynnti tillögu um að bjóða doktorsnemunum styrki vegna ráðstefnugjalda. Á fundi með nýjum doktorsnemunum í september komu fram óskir doktorsnema um stuðning vegna ráðstefnugjalda á ráðstefnur sem haldnar eru á Íslandi eða á netinu. Samþykkt var einróma að bjóða upp á styrki til ráðstefnugjalda sem eru 100 evrur eða hærri. Doktorsnemar geta sótt um styrkina óháð því hvort þeir fá ferðastyrk eða ekki. Að fenginni reynslu verða reglur endurskoðaðar fyrir haustið 2017.

4. *Nýjar reglur Sagnfræðistofnunar*: RK kynnti drög að nýjum reglum. Skv. tillögunni verður stjórnarmeðlimum fjölgað úr tveimur í þrjá (að auki er fulltrúi doktorsnema í stjórn). Breytingin er gerð vegna óska um að fulltrúi úr fornleifafræði sitji í stjórn. Tillagan var samþykkt einróma.

5. *Hvernig nota stofnanir fjárframlög sín?* GH óskaði eftir umræðu um hvernig stofnanir nota fjárframlögin sem þær fá árlega. Stofnanir eru almennt betur settar fjárhagslega en þær hafa verið. Meðal starfsmanna eru óskir um meiri stuðning við rannsóknastarfsemi, t.d. við yfirllestur texta. Allir fulltrúar tóku til máls og sögðu frá því sem stofnanir þeirra nota framlögin helst til. Þar kom fram að stofnanir fjármagna útgáfur, ráðstefnur, fyrirlestra, ýmis minni verkefni, móttöku nemenda og fleira (mjög misjafnt hvað hver stofnun leggur áherslu á). GH bað fólk um að hugleiða leiðir til að styðja fólk í að sækja um styrki.

6. *Vísindanefnd HÍ*: GH kynnti hugmyndir um að stofna vísindanefnd á Hugvísindasviði sem í sætu fulltrúar deilda.

7. *Önnur mál*: GH kynnti tillögu um að stofna fornfræðistofu. Tillagan var einróma samþykkt, með fyrirvara um endurskoðun á orðalagi til að samrýmast betur reglum.

Fundi slitið kl. 11.30